

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ, SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA,
KENNARASAMBAND ÍSLANDS, HÁSKÓLINN Á AKUREYRI, LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS,
MENNTAVÍSINDASVIÐ HÁKÓLA ÍSLANDS.

Lokaskýrsla um starf samstarfsnefndar um símenntun kennara

Stýrihópur
2011-2012

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Háskólinn á Akureyri, Listaháskóli Íslands og Menntavísindasvið Háskóla Íslands skipuðu samstarfsnefnd um símenntun kennara sem starfaði frá ágúst 2011 til október 2012. Samstarfsnefndin skipaði stýrihóp sem ætlað var að fylgja eftir þeim verkefnum sem samstarfsnefndin setti á oddinn í viljayfirlýsingu sinni. Skýrsla þessi er yfirlit yfir starf samstarfsnefndar um símenntun/starfsþróun kennara neðan háskólastigs. Skýrslan er samin af stýrihópi sem starfaði með nefndinni.

Lokaskýrsla um starf samstarfsnefndar um símenntun kennara, október 2012

Útgefandi: Samstarfsnefnd um símenntun kennara, vefsíða

<http://skrif.hi.is/samstarfumsimenntun/>

Umbrot og textavinnsla: Stýrihópur samstarfsnefndar um símenntun kennara

ISBN 978-9935-406-15-6

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Forsaga	4
Skipulag starfs samstarfsnefndar	7
Viðfangsefni samstarfsnefndar	9
Áhrif samstarfsins á umræðu á hverjum stað	16
Lokaorð	19
Heimildir	20
Fylgiskjöl	20

Inngangur

Starfsþróun er mikilvægur hluti starfs hvers kennara og skólastjórnanda og hefst strax að grunnnámi loknu. Símenntun og starfsþróun fer fram mun víðar en á skipulögðum námskeiðum eða í formlegu námi og fólk þróast á margvíslegan máta í starfi, bæði á formlegan og óformlegan hátt.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir starfi Samstarfsnefndar um símenntun/starfsþróun kennara¹ sem starfaði frá ágúst 2011 til október 2012. Í nefndinni sátu fulltrúar frá mennta- og menningarmálaráðuneyti (mmrn), Sambandi íslenskra sveitarfélaga (sambandið), Kennarasambandi Íslands (KÍ), Menntavísindasviði Háskóla Íslands (MVS HÍ), Háskólanum á Akureyri (HA) og Listaháskóla Íslands (LHÍ). Nefndarmenn voru 13.

Sagt verður frá þeim aðilum sem sátu í samstarfsnefndinni 2011-2012, forsögu starfsins og forsendum hvers aðila sem tók þátt í samstarfinu. Greint verður frá vinnufyrirkomulagi samstarfsnefndarinnar, þeim verkefnum sem nefndin vann að og þeim skrefum sem tekin voru er lýst. Einnig verður því lýst hvaða áhrif samstarfið hafði innan þeirra stofnana eða félagasamtaka sem áttu fulltrúa í nefndinni, það ár sem samstarfsnefndin starfaði.

Forsaga

Starf samstarfsnefndarinnar 2011-2012 byggir á starfi nefndar á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem var að störfum 2009-2010. Sú nefnd lauk starfi sínu með *Skýrslu nefndar um endurskipulagningu endurmenntunar kennara* sem kom út í lok árs 2010.

Áður en formlegt starf samstarfsnefndarinnar hófst unnu fulltrúar ofangreindra aðila undirbúningsvinnu frá janúar 2011 til júní 2011. Undirbúningsvinnunni lauk með undirritun viljayfirlýsingar² þann 30. júní 2011. Formlegt starf samstarfsnefndarinnar hófst síðan í ágúst 2011 og lauk í október 2012.

Hugmyndin að því að halda áfram samstarfi þeirra aðila sem sátu í nefnd mennta- og menningar- málaráðuneytisins 2009-2010 kom upp í byrjun árs 2011. Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs HÍ átti frumkvæði að því að boða til fundar í janúar 2011, fulltrúa þeirra sem áttu sæti í nefndinni sem starfaði 2009-2010. Á þeim fundi var samþykkt að mikilvægt væri að halda samstarfinu áfram til að tryggja að þau mál sem sett voru fram í *Skýrslu nefndar um endurskipulagningu endurmenntunar kennara* frá 2010 kæmust til framkvæmda.

Þeir aðilar sem stóðu að samstarfsnefndinni eiga allir hagsmuna að gæta varðandi gæði símenntunar/starfsþróunar kennara og eru sammála um mikilvægi hennar. Í *Skýrslu nefndar um endurskipulagningu endurmenntunar kennara*, segir að „[...] þótt öflug grunnmenntun kennara sé mikilvæg skiptir enn meira máli að stuðla að markvissri faglegri starfsþróun kennara og starfstengdri símenntun“ (2010; bls. 7).

Ábyrgð og aðkoma samstarfsnefndaraðila að málaflokknum er af ólíkum toga en nefndarmenn eru sammála um mikilvægi formlegs, sameiginlegs vettvangs, þar sem þeir geta skipst á skoðunum, stillt

¹ Þegar hér er fjallað um kennara er átt við kennara, skólastjórnendur og eftir atvikum náms- og starfsráðgjafa.

² Viljayfirlýsing

saman strengi varðandi viðeigandi atriði og lagt málaflokknum sameiginlega krafta sína. Með slíku samstarfi aukast líkur á því að unnið verði markvisst og heildstætt að því að styrkja málaflokkinn varðandi stefnumótun, nýtingu fjár, skipulag og tækifæri kennara til að stunda markvissa starfsþróun burtséð frá því á hvaða skólastigi þeir starfa.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Mennta og menningarmálaráðuneytið ber ábyrð á framkvæmd laga og samninga um menntamál. Ráðuneytið gefur út aðalnámskrár, reglugerðir og úrskurði á grundvelli menntalaga. Ráðuneytið ber því, í samstarfi við undirstofnanir sínar og rekstraraðila, höfuðábyrgð á starfsmenntun kennara, þ.m.t. símenntun þeirra og starfsþróun.

Ný lög nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla tóku gildi 1. júlí 2012.

Í mars 2006 gaf ráðuneytið út skýrslu *Tillögur starfshóps um Framtíðarskipan kennaramenntunar*.

Í desember 2010 gaf ráðuneytið út *Skýrslu nefndar um endurskipulagningu endurmenntunar kennara*.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Eitt af hlutverkum Sambands íslenskra sveitarfélaga er að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi. Sambandið er bakhjarl sveitarfélaga vegna starfrækslu leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og annarra skólastofnana á rekstrarsviði sveitarfélaga, bæði í faglegu og rekstrarlegu tilliti. Þetta gerir sambandið meðal annars með því að gæta hagsmuna sveitarfélaganna gagnvart löggjafarvaldi, mennta- og menningarmálaráðuneyti og öðrum aðilum eftir því sem efni standa til, afla og miðla upplýsingum um hvernig sveitarfélög gegna hlutverki sínu á sviði skóla- og menntamála og veita leiðsögn og ráðgjöf til sveitarfélaga.

Skóla- og fræðslumál eru einn þýðingarmesti málaflokkur sem sveitarfélög annast og og verja þau u.þ.b. helmingi útgjalda sinna til þeirra mála. Sjálfstjórnarréttur sveitarfélaga er tryggður í 78. gr. stjórnarskrárinnar og ráða þau því málefnum sínum sjálf eftir því sem lög ákveða og hefur sambandið lagt áherslu á sjálfstæði sveitarfélaganna sem og samvinnu þeirra í millum þegar slíkt á við. Fjögurra manna nefnd sérfræðinga um málefni er varða skóla- og menntamál sveitarfélaga, skólamálanefnd, er ráðgefandi fyrir stjórn og starfsemi sambandsins í skóla- og fræðslumálum.

Endurmenntunarsjóður grunnskólakennara og námsgagnagerð varð eftir hjá ríkinu við yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga árið 1996. Í upphafi ársins 2009 var umsýsla Endurmenntunarsjóðs grunnskóla færð til sambandsins og námu fjárframlög ríkisins í sjóðinn þá svipaðri krónutölu og þau gerðu við yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna 15 árum fyrr. Í ársbyrjun 2012 var samið um tímabundnar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og var fjármögnun sjóðsins liður í því samkomulagi. Sambandið fer einnig með umsýslu Námsleyfasjóðs, sem byggir tilvist sína á bráðabirgðaákvæði með lögum um grunnskóla og er fjármagnaður af sveitarfélögunum. Þá gerir sambandið kjarasamninga við aðildarfélög KÍ vegna leik-, grunn- og tónlistarskóla og eru ákvæði í samningunum sem varða símenntun/starfsþróun kennara bæði hvað varðar fjárframlög í fræðslusjóði stéttarfélaganna, starfsþróunarsamtöl og skiptingu vinnutíma kennara m.a. til undirbúnings og símenntunar.

Stefnumótun í símenntun/starfsþróun kennara er að mestu leyti á forræði sveitarfélaganna sjálfra og byggir á þeirri stefnu sem þau marka sér í skólamálum. Sambandið er hins vegar sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna og tekur þátt í Samstarfsnefnd um símenntun/starfsþróun kennara sem slíkur.

Kennarasamband Íslands

KÍ hefur undanfarin ár unnið sérstaklega að því að efla símenntun/starfsþróun kennarastéttarinnar s.s. með því að vinna að því að auka áhrif hennar á stefnumótun um málið, berjast fyrir auknu framboði, vinna að því að afla meiri fjármuna til málaflokksins og bæta skilyrði stéttarinnar til þess að stunda símenntun/starfsþróun bæði innan og utan starfstíma skóla, á öllum þremur skólastigunum neðan háskólastigs. Hér er vísað til sérstakra átaksverkefna sem unnin voru yfir nokkurt árabil. Þau eru viðbót við útgefna skólastefnu KÍ sem alltaf er í þróun og endurnýjuð á nokkurra ára fresti.

Á árunum 2002-2005 var unnið að gagnasöfnun og skýrsluritun um kennarastarfið og kennaramenntun og á þingi KÍ vorið 2005 var afraksturinn birtur í skýrslunni *Kennsla, aðlaðandi ævistarf*. Árið 2006 var stefna um eflingu símenntunar einn efnispátta svokallaðs 10 skrefa samkomulags við menntamálaráðherra um menntamál. Afrakstur samkomulagsins var m.a. setning nýrra kennaramenntunarlaga (meistarapróf og lögverndun starfsheitis og starfsréttinda leikskólakennara) en engar umbætur í símenntunarmálum sem orð er á gerandi voru formgerðar. Árin 2006-2010 stóð KÍ fyrir öflun efnis og upplýsinga um símenntun félagsmanna á öllum skólastigum. Tók það bæði til framboðs, fjármuna, réttinda félagsmanna til að stunda símenntun/starfsþróun sem þátt í starfi sínu og skoðunar á áhrifum og eða áhrifaleysi einstakra hópa innan kennarastéttarinnar um stefnumótun um eigin símenntun/starfsþróun. Með þessa reynslu í farteskinu tók KÍ þátt í nefndarstarfi á vegum menntamálaráðherra 2009-2010. Sá hluti skólastefnu KÍ (2011-2014) sem fjallar um kennarastarfið, kennaramenntun og símenntun/starfsþróun ber merki þess að málið er sambandinu ofarlega í huga en einnig gætir þar ákveðinnar óþreyju og óánægju með litlar framfarir í þessum málaflokki um áratugaskeið.

Háskólarnir (MVS HÍ, HA, LHÍ)

Það er ljóst að mikilvægt er að háskólar skipuleggi starfsemi sína þannig að starfandi fagfólk geti stundað nám til háskólaprófs, annað hvort til þess að bæta við tiltekna sérþekkingu, með einstökum námskeiðum, eða til þess að ljúka næstu háskólagráðu. Einnig er mikilvægt að háskólar leggi sitt af mörkum með ráðgjöf og fræðslustarfi til þess að styrkja þróunarstarf á vettvangi, bæði með beinni þátttöku í margvíslegu þróunarstarfi eða með ráðgjöf eða námskeiðahaldi. Að auki er nauðsynlegt að þeir tengi rannsóknarstarf sitt að einhverju leyti við uppbyggingu og þróun faglegs starfs á vettvangi og beini því sjónum að vettvangi menntamála í rannsóknum sínum og stuðli þar með að framþróun þar.

Háskólarnir þrír sem þátt taka í samstarfsnefndinni sinna allir grunnmenntun kennara. Innan þeirra starfa einnig deildir eða stofnanir sem sinna símenntun og starfsþróun fyrir kennarastéttina og á vegum þeirra er einnig veitt ráðgjöf og stuðningur við margskonar starfsþróunarverkefni af sérfræðingum sem starfa við háskólana eða stofnanir tengdar þeim. Þessi verkefni á vettvangi geta t.d. verið í formi ráðgjafar við þróunarverkefni, samstarf um rannsóknir eða í formi fræðslu í fyrirlestraformi eða námskeiðahalds. Þau spretta ýmist upp að frumkvæði leik-, grunn- eða framhaldsskóla eða að frumkvæði háskólanna. Námið eða fræðslan sem háskólarnir bjóða upp á snýr

annars vegar að einstaklingum sem hyggjast auka þekkingu sína á tilteknu viðfangsefni og hins vegar er um að ræða stuðning eða ráðgjöf við starfsþróun starfsmannahópa sem felur í sér skuldbindingu þeirra um að þróa starf í samræmi við menntastefnu eða stefnu og markmið þess skóla eða sveitarfélags sem þeir starfa hjá. Kostnaður við þá starfsþróun sem háskólarnir styðja við eða bjóða upp á er ýmist greiddur af sveitarfélögum eða einstaklingum.

Skipulag starfs samstarfsnefndar

Í skipulagi á vinnu samstarfsnefndarinnar var þess gætt að jafnræði væri meðal aðila og að allir bæru jafna ábyrgð á því að starfið skilaði árangri. Aðilar voru tilnefndir til setu í samstarfsnefndinni af sínu baklandi og sátu þar sem fulltrúar þess. Fjárhagsleg ábyrgð á starfi nefndarinnar var sameiginleg og bar hver aðili kostnað af fundasetum síns fulltrúa í samstarfsnefnd, stýrihópi og ritstjórn upplýsingaveitu. Ekki var greitt fyrir fundasetur heldur voru þær hluti af vinnu þeirra aðila sem tilnefndir voru. Kostnaður við 50% starfsmann sem samstarfsnefndin réði var greiddur sameiginlega af öllum aðilum samstarfsins samkvæmt sérstökum samningi³.

Í viljayfirlýsingu sem var undirrituð þann 30. júní 2011 var lagt til að unnið yrði að eftirfarandi:

1. Kortlagningu á framboði símenntunar⁴ fyrir kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi⁵.
2. Að setja fram sameiginlegan skilning aðila á því hvað felst í símenntun/starfsþróun kennara.
3. Vinna við samræmingu og flokkun upplýsinga um símenntunartilboð fyrir kennara.
4. Að semja viðmið um aðgangsstýringar á efni sem fer inn í upplýsingaveitu.
5. Vinna við að auðvelda kennurum á mismunandi skólastigum að sækja sömu símenntun/starfsþróun og auðvelda kennurum að sækja sameiginleg námskeið, ráðstefnur og vinna að sameiginlegum þróunarverkefnum
6. Vinna við að greiða leið kennara til að nýta sér námsframboð háskólanna samhliða vinnu.
7. Umræðu og þróun samræmdra aðferða við skráningu starfsþróunar.

Áhrif og ábyrgð hvers aðila á hvern ofangreindra þátta er ólík og því misjafnt hvernig hver fulltrúi gat nálgast eða haft áhrif á viðkomandi atriði. Ritstjórn upplýsingaveitu var falið að vinna að liðum 1, 3, 4 og 7 en stýrihópur tók að sér að vinna með liði 2, 5, og 6. Umræða aðila um málaflokkana frá ólíkum sjónarhornum var bæði greinandi og upplýsandi fyrir alla aðila.

Nánar verður gerð grein fyrir vinnu samstarfsnefndar hér á eftir en fyrst sagt frá því hvernig starf nefndarinnar var skipulagt.

Samstarfsnefnd

Umgjörð starfsins var í höndum samstarfsnefndarinnar og í hennar umboði störfuðu stýrihópur og ritstjórn upplýsingaveitu. Samstarfsnefndina skipuðu Sigurjón Mýrdal, Björg Pétursdóttir og Ársæll

³ Fylgiskjal 2 Samningur um starfsmann

⁴ Hér er átt við símenntunarnámskeið og nám sem kennarar og skólastjórnendur geta sótt sér t.d. við háskóla.

⁵ Sjá tilvísun 1.

Guðmundsson á vegum mmrn, Guðbjörg Ragnarsdóttir, Sigrún Grendal, Elna Katrín Jónsdóttir, Haraldur F. Gíslason og Svanhildur María Óskarsdóttir frá KÍ, Guðfinna Harðardóttir og Svandís Ingimundardóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kristín Valsdóttir frá LHÍ, Sigurður Kristinsson frá HA og Jón Torfi Jónasson frá MVS HÍ.

Samstarfsnefndin réð starfsmann, samþykkti starfslýsingu hans og kom sér saman um hvernig kostnaði vegna ráðningar hans væri skipt á milli aðila og komst að samkomulagi um umsýslu þess fjár. Samstarfsnefndin hefur einnig unnið að stefnumótun og fjallað um fjármagn sem ætlað er til símenntunar/starfsþróunar og skiptingu þess og velt fyrir sér hvernig verja ætti viðbótarfé sem þörf er á inn í kerfið. Tillaga um stofnun fagráðs⁶ var einnig tekin fyrir á fundi samstarfsnefndar og ákveðið að hún skyldi afhent ráðherra. Var tillagan lögð fram á fundi með mennta- og menningarmálaráðherra þann 11. júní 2012 en hugmyndin var áður kynnt á fundi með ráðherra í febrúar 2012.

Samstarfsnefndin hittist á fimm fundum sem haldnir voru í Reykjavík.

Stýrihópur

Samstarfsnefndin skipaði stýrihóp til að fylgja verkefnum eftir. Í honum sátu Sigurjón Mýrdal, mmrn, Guðfinna Harðardóttir, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Elna Katrín Jónsdóttir, KÍ og Jón Torfi Jónasson fyrir háskólana þrjá sem fulltrúa áttu í samstarfsnefndinni. Starfsmaður nefndarinnar var Edda Kjartansdóttir.

Stýrihópur hélt tuttugu og sex fundi og tvo fundi með mennta- og menningarmálaráðherra.

Fundarstjórn var skipt niður á aðila í stýrihópi eftir tímabilum.

Helstu viðfangsefni funda stýrihóps voru, frágangur formsatriða, umfjöllun um stefnumótun og ólíka stöðu þeirra kennarahópa sem stýrihópurinn fjallar um. Umræða um stöðu símenntunarmála hefur einnig farið fram. Rætt var um hvernig hver aðili gætið unnið símenntun og starfsþróun brautargengi á sínum vettvangi. Mikið var rætt hvernig framhald vinnu með símenntunar-/starfsþróunarmál kennara verði best skipulögð til að tryggja yfirsýn og skipulegt árangursríkt starf málaflokknum til framdráttar og hugmyndir um slíkt voru ræddar í stýrihópnum. Ítarlegra yfirlit yfir hvað fjallað var um á fundum stýrihóps fylgir með skýrslunni sem fylgiskjal⁷.

Ritstjórn upplýsingaveitu

Sett var á laggirnar sérstök ritstjórn upplýsingaveitu og í henni sátu, Björg Pétursdóttir, mmrn, Guðfinna Harðardóttir, sambandinu, Guðbjörg Ragnarsdóttir, KÍ og Edda Kjartansdóttir sem fulltrúi háskólanna. Ritstjórnin hittist rúmlega tuttugu sinnum á tímabilinu september 2011 til maí 2012. Forritunarvinna og hönnun útlits hófst í maí. Ritstjórn til ráðgjafar og ábyrgðaraðili varðandi hönnun og forritun á vef upplýsingaveitu var Sigurbjörg Jóhannesdóttir, sérfræðingur hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Viðfangsefnum ritstjórnar upplýsingaveitu er nánar lýst í sérstökum kafla.

⁶ Fylgiskjal 3 Tillaga um stofnun fagráðs

⁷ Fylgiskjal 4 Yfirlit yfir fundi

Viðfangsefni samstarfsnefndar

Samstarfsnefndin gerir sér ljóst að viðfangsefni hennar er yfirgripsmeira en svo að eitt ár dugi til að koma málum í höfn. Árið sem samstarfsnefndin starfaði dugði þó til að hreyfa við málum og koma sumum þeirra á skrið.

Aðilar eru sammála um að sú samræða sem átt hefur sér stað í samstarfsnefndinni og stýrihópnum hafi verið mikilvæg og nauðsynlegt sé að hún haldi áfram með enn formlegri hætti og því lagði samstarfsnefndin til við Mennta- og menningarmálaráðherra á fundi þann 11. júní 2012 að stofnað yrði fagráð sem yrði formlegur vettvangur aðila til að vinna málaflóknum markvisst brautargengi. Fjallað verður um fagráðið hér á eftir en einnig um stefnumótun, umræðu um hugtök, fjármál til málaflokksins og upplýsingaveitu.

Stefnumótun

Hver aðili í samstarfsnefnd hefur hlutverki að gegna varðandi símenntun/starfsþróun kennara. Ábyrgð þeirra og hlutverk eru ólík og möguleiki til áhrifa á stefnumótun einnig.

Í umræðu um stefnumótun kom fram að aðilar eru sammála um að það geti verið gagnlegt að horfa á þrjú skref í ferli hvers starfsmanns: grunnnám til starfsréttinda (lýkur nú með meistaragráðu), móttöku og stuðning við kennara sem eru að taka sín fyrstu skref í starfi og síðan símenntun/starfsþróun eftir að grunnnámi lýkur eins og gert er í skýrslu framkvæmdastjórnar ESB frá 2010, *Developing coherent and system-wide induction programmes for beginning teachers – a handbook for policymakers*. Brussel: European Commission, SEC 538. Aðilar telja að þessi nálgun ýti undir að horft sé á starfsþróun kennara sem samfellu og eru sammála um að mikilvægt sé að þessir þrír þættir myndi heild og að nauðsynlegt sé að skapa formlegan ramma um þá alla og leggja því til stofnun fagráðs sem m.a. gæti unnið að því að slíkir rammar verði til.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á að framfylgja lögum og reglugerðum um skólastarf. Fé til málaflokksins kemur af fjárlagaliðum ráðuneytisins og rennur í Sprotasjóð og til samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara (SEF). Fjármálaráðuneytið fyrir hönd ríkissjóðs er viðsemjandi framhaldsskólakennara og getur þannig haft áhrif á umgjörð framhaldsskólakennara til starfsþróunar.

Stefna Sambands íslenskra sveitarfélaga í skólamálum var unnin af skólamálanefnd sambandsins og samþykkt af stjórn sambandsins í upphafi árs 2008. Í henni er sjálfstæði sveitarfélaga til að stjórna eigin skólamálum lagt til grundvallar og er stefnunni fyrst og fremst ætlað að varpa ljósi á það hlutverk sem sambandið hefur gagnvart sveitarfélögum í þessum umfangsmikla málaflökki og hvernig það hyggst rækja það hlutverk sitt. Samkvæmt lögum sambandsins er eitt af meginhlutverkum þess að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi. Þetta á við um skólamál jafnt og önnur verkefni sem sveitarfélögum eru falin.

Sveitarfélögin bera faglega og rekstrarlega ábyrgð á leikskólum og grunnskólum auk þeirra tónlistarskóla sem þau velja að reka sjálf. Þau marka sér sjálf áherslur og stefnu um skólamál innan ramma laga og reglugerða. Stefnumótun í símenntun og starfsþróun kennara er að mestu leyti á forræði sveitarfélaganna sjálfra enda setja þau sér skólastefnu og gera starfsþróunaráætlanir fyrir

starfsmenn sína. Símenntun og starfsþróun kennara skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Mikilvægt er að hafa í huga að það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og sveitarfélags að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Árið 2009 réði Samband íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið sérstakan verkefnisstjóra í skólamálum til tveggja ára. Meðal verkefna hans var að veita sveitarfélögum almenna ráðgjöf varðandi stefnumótun í skólamálum. Leiðbeiningar um gerð skólastefnu og handbók sveitarfélaga um gerð skólastefnu voru gefnar út árið 2010 og eru aðgengilegar á www.samband.is.

Þrátt fyrir að sveitarfélögin fari sjálf með stefnumótun í skólamálum má segja að viss miðlæg stefnumótun eigi sér stað þegar stjórn Námsleyfasjóðs ákveður forgangsverkefni sjóða hverju sinni. Stjórnin er skipuð þremur aðilum frá sveitarfélögunum og tveimur frá KÍ. Þá eru ákvæði kjarasamninga sambandsins við aðildarfélög KÍ vegna leik-, grunn- og tónlistarskóla bindandi fyrir öll sveitarfélög og geta breytingar á þeim því leitt til breytinga á stefnu í skólamálum.

Kennarasamband Íslands og aðildarfélög þess setja sér skólastefnu og í henni koma m.a. fram áherslur KÍ varðandi símenntun/starfsþróun kennara. Aðildarfélög KÍ gera kjarasamninga og fylgja þar eftir áherslum sínum um símenntun. KÍ hefur undanfarin ár unnið sérstaklega að því að efla símenntun/starfsþróun kennarastéttarinnar með því t.d. að berjast fyrir auknum áhrifum stéttarinnar á stefnumótun um málið, með tillögum um aukið framboð, með baráttu til að afla meiri fjármuna til málaflokksins og kröfum um bætt skilyrði stéttarinnar á öllum þremur skólastigunum til þess að stunda símenntun/starfsþróun bæði innan og utan starfstíma skóla.

Hvað varðar menntun kennara, einkum með tilliti til starfsþróunar í menntageiranum þá hafa háskólarnir margvíslegu hlutverki að gegna. Háskólarnir sinna grunnmenntun kennara og annarra fagstétta sem starfa í skólakerfinu og með henni skal tryggð mikilvæg grundvallar þekking vegna kennarastarfsins og hæfni til þess að takast á við stöðuga starfsþróun. Þessi síðastnefndi þáttur verður að vega þungt að mati samstarfsnefndar.

Til að samstarf kennara og skólastjórnenda á vettvangi í starfsþróunarverkefnum og sérfræðinga sem vinna í háskólunum verði eðlilegur þáttur í starfi beggja er ljóst að háskólakerfið verður að vera kvikt og sveigjanlegt svo það ekki aðeins leyfi heldur hvetji kennaramenntunarkennara til þátttöku í starfsþróun síns nánasta starfsvettvangs auk þess að sinna hefðbundinni grunnmenntun og rannsóknum. Þetta þýðir vitanlega að mikilvægt er að háskólarnir hafi fé til þessarar starfsemi og jafnframt sé ljóst að hún geti falist innan vinnuskyldu og vinnumats starfsmanna háskólanna.

Töluvert var rætt um áhrif sjóða á stefnumótun og ljóst að viss stefnumótun á sér stað þegar stjórnir, nefndir eða ráð sjóða ákveða hvað skal styrkja hverju sinni. Í umræðu kom fram að þegar þeir sem stýra sjóðunum ákveða styrkveitingar þá er misjafnt hvaða sjónarmið ráða för og til hverra er leitað til að fá upplýsingar um hvað setja skal á oddinn hverju sinni. Svo virðist sem það skorti markvissa stefnu eða samstilltar hugmyndir um hvað kunni að vera mikilvægt fyrir skólastarf á hverjum tíma.

Viss miðlæg stefnumótun fyrir grunnskólana á sér stað þegar stjórn sjóða sem vistaðir eru hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga ákveður forgangsverkefni. Námsleyfasjóður og Endurmenntunar-sjóður grunnskóla byggja tilvist sína á bráðabirgðaákvæði með lögum um grunnskóla. Sambærileg ákvæði er ekki að finna í lögum um leikskóla eða lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Stjórnir þeirra sjóða sem samið er um í kjarasamningum (Vísindasjóður FL og FSL fyrir leikskólann, Vonarsjóður, Verkefna- og námsstyrkjasjóður FG og SÍ fyrir grunnskólann, Vísindasjóður FF og FSF fyrir framhaldsskólann og Starfsmenntunarsjóður tónlistarskólakennara) geta haft áhrif á möguleika kennara til starfsþróunar með því að ákveða hvaða starfsþróunarverkefni hljóta styrki.

Stjórn Sprotasjóðs sem leik-, grunn- og framhaldskólar hafa aðgang að setur fram forgangsverkefni sem hægt er að sækja um styrki til og hefur með því áhrif á það hvaða þróunarverkefni eru styrkt á hverjum tíma. Sprotasjóður er á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Hlutverk hans er að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi. Hann starfar samkvæmt reglugerð nr. 242/2009.

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara (SEF) sér um að úthluta styrkjum til endurmenntunar framhaldsskólakennara. SEF er fjölskipuð nefnd (mennta- og menningarmálaráðuneytis, framhaldsskólakennara og -skólastjórnenda og Háskóla Íslands) og ákvarðanir um hvað SEF ákveður að styrkja eru teknar í samstarfi við kennslugreinafélög og þau bera einnig á ábyrgð á því hvað boðið er upp á. Til að afla upplýsinga um hvað mikilvægt er að setja á oddinn varðandi starfsþróun framhaldsskólakennara gerir SEF kannanir um fræðsluþörf og áhugasvið kennara og einnig eru haldnir reglulegir fundir SEF og formanna kennslugreinafélaga til að tryggja skoðanaskipti og gagnkvæma tilfinningu fyrir störfum hinna.

Af ofangreindu er ljóst að sjóðsstjórnir, nefndir og ráð hafa töluverð áhrif á hvaða áherslur eru lagðar varðandi starfsþróun kennara.

Stýrihópurinn tekur undir það sem fram kemur í *Skýrslu nefndar um endurskipulagningu endurmenntunar kennara* og leggur til að stefnt verði að því að tengja saman starfsþróun fyrir öll skólastigin og undirstrika með því að sumir þættir menntunar ná yfir öll skólastig og þess vegna sé mikilvægt að slík starfsþróun sé í boði. Bæði þarf að hafa í boði fjölbreytt símenntunar/starfsþróunartilboð sem eru þvert á skólastig og leggja rækt við gæði og framboð sértækrar símenntunar/starfsþróunar sem tekur mið af menntun eða kennslugrein hvers kennara.

Mögulegt er að fyrirkomulag styrkveitinga, margir ólíkir sjóðir, geti hindrað að kennarar sækji námskeið þvert á skólastig og þann þröskuld verður að yfirstíga. Það þarf að skoða hvort vandinn er kerfislægur eða hvort þetta sé viðhorfavandi.

Notkun hugtaka

Á síðustu árum hefur hugtakið *símenntun* verið notað meira og oftar en *endurmenntun* þegar rætt er um þennan þátt í kennaramenntun. Í starfi samstarfsnefndar um símenntun var ákveðið að ganga skrefi lengra og spyrða ávallt saman hugtökin *símenntun/starfsþróun* þar sem það er álit samstarfsaðilanna að smám saman muni hugtakið *starfsþróun* leysa hið fyrrnefnda af hólmi. Skilningur á hugtakinu *starfsþróun* fer þar saman við það sem átt er við þegar rætt er og ritað um *continuous professional development* sem oftast er skammstafað CPD. Þar er skírskotað til töluvert víðara sviðs en hér áður fyrr átti við þegar rætt var um endurmenntun kennara. Með hugtakinu starfsþróun er hér átt við faglega starfsþróun sem kennarar og skólastjórnendur byggja upp með því að bæta stöðugt við þekkingu sína og færni í þeim fræðum eða hugmyndaheimi sem starf þeirra grundvallast á. Undir hugtakið *starfsþróun* fellur mun fleira en það að sækja námskeið eða formlegt nám. Þar má nefna rannsóknir á eigin starfi, þátttöku í þróunarverkefnum, að sækja ráðstefnur, að lesa sér til og fara í skólaheimsóknir svo eitthvað sé nefnt.

Starfsþróun er samfelld ferli sem miðar að því að auka og efla færni og þekkingu kennara og skólastjórnaenda sem fagmanna og ekki má rugla þeirri starfsþróun saman við framgang í starfi þó svo framgangur í starfi geti vissulega einnig verið hluti af starfsþróun kennara og skólastjórnaenda. Stefnumiðuð starfsþróun getur stuðlað að aukinni starfsánægju, hefur áhrif á árangur í starfi og minnkar líkur á kulnun eða brotthvarfi kennara úr starfi.

Stofnun fagráðs

Samstarfsnefnd telur mikilvægt að starfsþróun kennara verði komið í fastari skorður til að tryggja að hún verði verði markviss og árangursrík. Í umræðum í stýrihópi kom fram að málaflokkurinn hefur verið á hrakhólum í langan tíma, hálfgeitt olnbogabarn sem enginn vill bera ábyrgð á. Enginn hefur yfirsýn yfir það hvernig því fjármagni sem málaflokknum er ætlað er varið. Því er mikilvægt að fagráð hafi skýrt umboð til að öðlast yfirsýn yfir það fjármagn sem ætlað er til málaflokksins og til að skoða dreifingu þess.

Framboð fræðslutilboða er fremur handahófskennt og virðist ekki mótast af langtíma markmiðum. Fá ef nokkur dæmi eru um að haldið sé markvisst utan um það hvaða starfsþróun hver kennari stundar. Ekki er ljóst hvort skólum eða faghópum standi til boða námskeið eða kerfisbundinn stuðningur við mikilvægt þróunarstarf sem skipulagt er í samræmi við stefnu skólayfirvalda eða fjölþættar kröfur síbreytilegs umhverfis. Það skortir stefnu til langs tíma sem sveitarfélög, skólar, sjóðir og fræðsluaðilar geta horft til við stefnumótun, útdeilingu fjár og til leiðsagnar um framboð á fræðslu, ráðgjöf og stuðningi. Skýrari ferlar í stefnumótun og ákvörðun framboðs eru mikilvægir og myndu draga úr handahófskenndu framboði og vissum losarabrag í þessu efni.

Vegna þess ófremdarástands sem ríkt hefur í starfsþróunarmálum kennara og mikilvægis málaflokksins lagði samstarfsnefnd til við mennta- og menningarmálaráðherra að stofnað verði fagráð⁸ til að formgera stefnumótun og yfirsýn í símenntunar/starfsþróunarmálum kennara.

Fagráðinu er ætlað að vera vettvangur þar sem ólíkir hagsmunaaðilar koma saman, eiga samráð um áherslur í símenntun/starfsþróun kennara og vinna í kjölfar þess kerfisbundið að markvissum áhrifum á stefnumótun í símenntunar- og starfsþróunarmálum kennara. Vinnuaðferðir fagráðs skulu einkennast af samræðu fjölbreytts hóps sem nær út fyrir þann hóp sem skipar fagráðið.

Upplýsingaflæði milli fulltrúa í fagráði, þess baklands sem þeir hafa og fagráðs er grundvöllur vinnu fagráðsins. Þannig safnast fjölþættar hugmyndir og upplýsingar sem yrðu grunnur hugmynda fagráðs um nýjungar og þróun áherslna.

Til þess að sinna hlutverki sínu er ráðinu ætlað

- að stuðla að fjölþættum tengslum þeirra aðila sem fulltrúa eiga í ráðinu og annarra skyldra aðila.
- að setja fram hugmyndir um nýjar leiðir og skipulag varðandi starfsþróun.
- að sinna fjölþættari upplýsingaöflun.

Í fagráði ættu sæti fulltrúar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, skólastjórnaendum, kennurum og háskólunum þemur sem standa að

⁸ Fylgiskjal 3 Stofnun fagráðs

kennaramenntun. Fagráði er ætlað að vera sameiginlegur vettvangur hagsmunaaðila sem tekur mið af stefnu skólayfirvalda, greinir þarfir skólasamfélagsins, miðlar upplýsingum og setur fram hugmyndir sínar um stefnu og framboð varðandi símenntun/starfsþróun kennara. Fagráð tryggir að hagsmunaaðilar hafi samráð um áherslur í símenntun/starfsþróun kennarastéttarinnar. Ráðið ætti að verða leiðandi í umræðu um þróun og stefnumótun um símenntun/starfsþróun og setja fram stefnu sína og hugmyndir að nýjum áherslum og leiðum. Ráðið leitar upplýsinga um helstu strauma og stefnur varðandi símenntun/starfsþróun bæði innan lands og utan og miðlar upplýsingum um það til skólasamfélagsins, til dæmis á ráðstefnum, fræðslufundum, með upplýsingum á vef og á málþingum. Fagráð aflar upplýsinga um þörf fyrir símenntun til dæmis með samræðu hagsmunaaðila og miðlar framboði á símenntun/starfsþróun kennara á upplýsingaveitu. Á vegum fagráðs geta vinnuhópar starfað að ákveðnum málefnum. Ráðið getur tengst sambærilegum aðilum erlendis sem vinna að svipuðum málefnum.

Starfsemi fagráðs miðar að því að efla markvisst símenntun/starfsþróun kennara.

Með því að setja málaflokkinn í formlegan farveg öðlast fagráð yfirsýn yfir:

- helstu nýjungar, stefnur og strauma varðandi símenntun/starfsþróun kennara
- tengslin milli grunnmenntunar og símenntunar/starfsþróunar kennara
- þörf á símenntun/starfsþróun kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi
- framboð á ráðgjöf, starfsþróunarverkefnum og fræðslu fyrir kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.

Sú yfirsýn auðveldar fagráði að setja fram skýrar hugmyndir um hvert beri að stefna varðandi símenntun/starfsþróun kennara og hvað komi að mestu gagni.

Þær áherslur sem fagráð setur varðandi áherslur í símenntun/starfsþróun kennara geta nýst bæði við stefnumótun og ráðstöfun fjármuna.

Í hnotskurn mun starf fagráðs skila heildstæðum og markvissum hugmyndum að stefnu í símenntunar- og starfsþróunarmálum kennara í samræmi við þarfir skólasamfélagsins og í samræmi við stefnu yfirvalda menntamála hverju sinni.

Lagt er til að fagráð verði skipað til a.m.k. þriggja ára í senn. En það er reynsla samstarfsnefndar af samstarfinu 2011-2012 að það þurfi lengri tíma en eitt ár til að vinna að þeim málefnum sem hér um ræðir.

Fjármagn

Kennarar og skólar hafa aðgang að ýmsum sjóðum sem hafa það að markmiði að styðja við símenntun/starfsþróun og styðja við nýjungar og þróunarstarf í skólum. Þeim sjóðum sem útdeila fé til málaflokksins eru gerð nokkuð ítarleg skil í *Skýrslu nefndar um endurskipulagningu endurmenntunar kennara* frá 2010. Þar kemur þó fram að töluvert erfitt er að öðlast heildarsýn yfir hversu miklu fjármagni er veitt til málaflokksins og hvernig því er varið. Samstarfsnefndinni tókst ekki að öðlast yfirsýn yfir allt það fjármagn sem málflokknum er veitt. Samstarfsnefndin telur mikilvægt að ná tökum á kostnaði og öðlast yfirsýn yfir hann. Aðilar eru einnig sammála um að það þurfi að skilgreina viðmið um hversu miklu fé eðlilegt væri að veita til málaflokksins. Það er ljóst að nýjar

kröfur, ný þekking og ný verkefni einkenna starf menntastofnana, því hlýtur einhver ákveðinn hluti rekstrarkostnaðar að renna til starfsþróunar. Það gæti verið viðfangsefni fyrirhugaðs fagraðs að ræða slíkt.

Upplýsingaveita

Samstarfsnefnd lagði mikla áherslu á að komið yrði á fót upplýsingaveitu um símenntun/starfsþróun kennara og skólastjórnenda á starfstíma hennar. Upplýsingaveitunni er ætlað að styðja við markvissa starfstengda símenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Á vef upplýsingaveitu verða birtar upplýsingar um símenntunar- og fræðslutilboð sem eru sérstaklega ætluð kennurum og skólastjórnendum og taka til kennslufræði, sérgreina og/eða sérsviða kennara sem starfa á leik-, grunn- eða framhaldsskólastigi. Tilgangurinn með því að safna þessum upplýsingum á einn stað er að gera þær aðgengilegar fyrir kennara og stjórnendur og stuðla að markvissri framsetningu fræðslutilboða sem sérstaklega eru ætluð kennurum og skólastjórnendum og geta haft áhrif á þróun fagþekkingar þeirra.

Ritstjórn upplýsingaveitu var sett á laggirnar um leið og stýrihópur og vann ritstjórnin undir stjórn fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Meginhlutverk ritstjórnar var að leggja drög að stofnun upplýsingaveitu á netinu sem auðveldaði samræmingu og flokkun á símenntunartilboðum fyrir kennara og skólastjórnendur. Verkefni sem falla þar undir voru eftirfarandi:

- Kortlagning á framboði símenntunar fyrir kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi
- Vinna við samræmingu og flokkun upplýsinga um símenntunartilboð fyrir kennara
- Semja viðmið um aðgangsstýringar á efni sem fer inn í upplýsingaveitu
- Umræða og þróun samræmdra aðferða við skráningu starfsþróunar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið tók að sér að útvega vefsvæði fyrir upplýsingaveituna og veitti starfskrafta og fé til hönnunar og forritunar hennar.

Ritstjórn hóf vinnu sína með því að skilgreina hvaða efni ætti heima á upplýsingaveitunni, semja reglur um aðgangsstýringar fyrir fræðsluaðila og síðan var rætt um hugmyndir um aðferðir við skráningu starfsþróunar.

Á fundum ritstjórnar upplýsingaveitu var velt upp nokkrum möguleikum á því hvort vefurinn ætti að vera sjálfstæður eða hvort hagkvæmara væri að hafa hann hluta af Menntagátt sem er vefur sem mennta- og menningarmálaráðuneytið vinnur að uppfærslu á, www.menntagatt.is. Á Menntagátt verða upplýsingar um allt formlegt nám hér á landi, þ.e. nám á leik-, grunn-, framhalds- og háskólastigi sem og upplýsingar um fullorðinsfræðslu og fræðslu á vegum viðurkenndra framhaldsfræðsluaðila. Ritstjórn telur að ákveðin hagræðing liggi í því að vefur upplýsingaveitu verði hluti af Menntagátt og að tæknileg umsjón verði í höndum sömu aðila. En ritstjórn leggur jafnframt áherslu á að sér upplýsingaveita um símenntun/starfsþróun kennara verði mjög áberandi á Menntagátt svo ekki fari á milli mála hvernig nálgast má upplýsingar þaðan.

Ritstjórn ákvað að upplýsingaveitan verði ekki opin án nokkurrar stýringar heldur verði fræðsluaðilar að sækja um aðgang að henni. Það gefur ritstjórn færi á að stýra aðgengi og hleypa einungis inn þeim fræðsluaðilum sem uppfylla þau skilyrði að bjóða upp á nám sem sannarlega er hannað fyrir og ætlað kennurum, náms- og starfsráðgjöfum og skólastjórnendum. Ekki er gert ráð fyrir að upplýsingar um

annað birtist á vef upplýsingaveitu en þjónusta sem miðar að því að auka faglega færni kennara og skólastjórnenda. Lögð er áhersla á að þau fræðslutilboð sem kynnt verða á upplýsingaveitunni hafi skýra tengingu við fagleg störf kennara og skólastjórnenda í leik-, grunn- eða framhaldsskólum:

- Kennslufræði á leik-, grunn- eða framhaldsskólastigi
- Fræðsla sem tengist námssviðum leik-, grunn- eða framhaldsskóla
- Fræðsla sem hefur skýra tengingu við sérfræðipækkingu kennara í leik-, grunn- eða framhaldsskóla

Ritstjórn samdi ákveðna skilmála fyrir aðgangi fræðsluaðila að upplýsingaveitu. Mikilvægt er að umsóknarferlið sé gegnsætt og virkt og æskilegt er að afgreiðsla umsókna og stofnun aðgangs fyrir fræðsluaðila taki sem skemmstan tíma.

Umræða um samræmda skráningu á starfsþróun kennara einkenndi vinnu ritstjórnar um tíma en sú vinna var sett til hliðar, en síðan tekin upp aftur á seinni stigum vinnunnar. Enda fann ritstjórnin fyrir áhuga á því að þessi liður fengi meira rými í vinnu hennar og að talin var þörf á að hann yrði hluti af upplýsingaveitu.

Enda þó að í kjarasamningum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og tónlistarskólakennara sé kveðið á um að kennarar skuli verja hluta vinnutímans til símenntunar, virðist það brenna við að ekki sé haldið utan um þennan þátt hjá hverjum og einum. Með markvissri skráningu væri hins vegar hægt að gera símenntun/starfsþróun kennara betur sýnilega og einnig væri betur hægt að greina hvaða leiðir kennarar nota einna helst til að auka færni sína í starfi.

Á fundum ritstjórnar upplýsingaveitu var velt upp hugmyndum að samræmdum aðferðum við skráningu símenntunar/starfsþróunar og ýmsar leiðir skoðaðar, m.a. kynntu breskir samstarfsaðilar Mentors kerfið *CPD Online* fyrir fulltrúum ritstjórnar. Niðurstaðan var þó sú að setja fram tillögu að einföldu Excelskjali sem heldur utan um skráningu símenntunar/starfsþróunar kennara. Ritstjórn leggur til ákveðna flokka til að vinna inn í en hver skóli getur á einfaldan hátt sérsniðið skjalið að sínum þörfum með því að breyta og/eða bæta við flokkum. Kennari skráir sína símenntun/starfsþróun inn í skjalið sem heldur þannig utan um þá símenntun/starfsþróun sem hann stundar. Eyðublaðið getur nýst í starfsmannasamtölum og fyrir kennarann til að skoða á hvaða sviðum hann ætlar að þróa sig.

Notkun skjalsins er valfrjálst en markmið þess er að gera kennurum auðveldara fyrir að halda utan um sína starfsþróun og gera hana sýnilegri þeim sjálfum sem og skólastjórnendum. Umræða um hver á að hafa aðgang að því sem hver kennari skráir inn í skjalið þarf að fara fram.

Rafræn skráning sem safnar upplýsingum inn í gagnagrunn væri meira í takt við nútímann en til að þannig sé hægt að vinna þarf fjármagn til að hanna grunninn og ekki endilega ráðlegt að gera það án þess að hafa skilgreint fyrst hvar eðlilegt er að slíkar upplýsingar séu vistaðar og hver eigi að fylgja því eftir að skráð sé inn í grunninn og hverjir hafi aðgang að þeim upplýsingum sem þar liggja.

Ritstjórn upplýsingaveitu gerði sér í upphafi vinnunnar ekki grein fyrir að vinna við hönnun og forritun upplýsingaveitu gæti ekki hafist fyrr en eftir að allt niður í smæstu skilgreiningar væri tilbúið. Útlitshönnun hófst ekki fyrr en í apríl og til stóð að hefja forritun í maí. Opnun upplýsingaveitu hefur

því dregist og á því eru ýmsar skýringar sem snúa að tæknilegum málefnum, starfsmannaeklu og einnig forgangsriðun verkefna.

Um miðbik vinnunnar velti ritstjórn fyrir sér þeim möguleika að tengja saman hæfniviðmið og fræðslutilboð og notaði töluverðan tíma til að ræða þá hugmyndafræði en til að sú vinna tefði ekki fyrir opnun upplýsingaveitu voru þær hugmyndir lagðar til hliðar og ekki teknar upp að nýju.

Vinna við upplýsingaveitu tafðist og tími ritstjórnar fór að stórum hluta í skilgreiningarvinnu sem gerði það að verkum að ekki vannst tími til að flokka símenntunartilboð til kennara. Til stóð að sú vinna færi fram í tengslum við efni sem sett væri inn á upplýsingaveitu og skapa með því yfirsýn yfir það sem í boði er. Enginn vefur varð til á vinnutíma ritstjórnar svo þessi vinna var ekki unnin, safnað var upplýsingum frá einstaka fræðsluaðila en ekki gafst tími til að ljúka þeirri söfnun né vinna úr henni.

Gert er ráð fyrir að stofnuð verði ný ritstjórn upplýsingaveitu eftir að vinna þessa hóps lýkur. Sú ritstjórn hefði umsjón með birtingu upplýsinga á vef upplýsingaveitu, eftirfylgni með samningum við fræðsluaðila og áframhaldandi þróun upplýsingaveitu.

Áhrif samstarfsins á umræðu á hverjum stað

Á starfstíma samstarfsnefndar hefur hver aðili innan nefndarinnar átt umræðu um símenntun/starfsþróun kennara og skólaljórnenda á sínum vettvangi. Bæði með það að markmiði að kynna vinnu samstarfsnefndar og til að afla upplýsinga um málefni sem helst brenna á frá sjónarhorni viðmælenda.

Hér fyrir aftan verður gerð grein fyrir því sem skipulagt og rætt var á hverjum stað.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Starf samstarfsnefndar um símenntun/starfsþróun kennara sem sett var á laggirnar sumarið 2011 hefur ýtt undir umræðu um mikilvægi stefnumótunar í símenntun/starfsþróun kennara. Einnig hefur hún skapað grundvöll til umræðu um þær fjölbreyttu leiðir sem nota má til að efla þekkingu og færni. Sú umræða hefur helst farið fram meðal sérfræðinga sambandsins og á fundum skólamálanefndar sambandsins. Þá hefur skólamálanefnd fengið reglulegar fréttir af starfi samstarfsnefndar, vinnu við upplýsingaveitu og samskipti við mennta- og menningarmálaráðherra. Á 70. fundi skólamálanefndar þ. 13. mars 2012 var hugmynd að fagraði kynnt sérstaklega og lýsti nefndin ánægju sinni með verkefnið enda taldi hún það ríma vel við tillögu sína um skipan starfshóps sem mótaði stefnu sveitarfélaga í símenntunar- og starfsþróunarmálum og fjármögnun þeirra.

Fundargerðir skólamálanefndar eru birtar á vef sambandsins og lagðar fyrir á fundum stjórnar sambandsins og hafa fregnir af starfi samstarfsnefndar um símenntun/starfsþróun kennara þannig borist sveitarfélögunum og öðrum áhugasömum. Þá fékk stjórn Námsleyfasjóðs sérstaka kynningu á starfi samstarfsnefndar á 32. fundi sínum þ. 19. október 2011.

Á vorþingi Grunnis, félags skólaskrifstofa, sem haldið var á Blönduósi 23.-25. maí 2012 kynnti fulltrúi sambandsins starf samstarfsnefndar, vinnu við upplýsingaveitu, hugmyndir að fagraði og fyrstu drög að ferli til að miðla upplýsingum til fagraðs um símenntunarþarfir starfsmanna sveitarfélaga, sem starfa í leik-, grunn- og tónlistarskólum.

Kennarasamband Íslands

Á starfstíma samstarfsnefndar 2011-2012 hefur talsverð umræða farið fram innan KÍ og aðildarfélaga þess um málið í heild og sértæka þætti þess s.s. skilyrði félagsmanna KÍ á mismunandi skólastigum til símenntunar/starfsþróunar, fjárveitingar til málaflokksins frá ríki, sveitarfélögum og í gegnum kjarasamningsbundna fjármögnun s.s. vegna námsorlofa/námsleyfa og með framlögum í vísinda-/starfsmenntunarsjóði. Fundir á tímabilinu snérust sumir um að sammælast um aðferðir og aðgerðir forystu aðildarfélaga KÍ og sambandsins sjálfs til þess að vinna að eflingu starfsþróunar félagsmanna bæði á faglegum og kjaralegum vettvangi. Aðrir miðuðu að því að stærri hópur félagsmanna ræddi málið bæði sín á milli og við utanaðkomandi aðila sem eru sérfróðir um málið eða teljast hagsmunaaðilar. Fulltrúar KÍ í samstarfsnefndinni áttu einnig með sér samstarf sem og við formann og varaformann KÍ um málflutning og áherslur sambandsins inn í starf stýrihóps og nefndar.

Dæmi um aðferðir og markmið: Við undirbúning fundar með forystufólki innan KÍ voru þessi markmið sett:

- 1) Að ræða hvar skóinn kreppir núna í símenntun viðkomandi félagsmanna KÍ, hvernig mun skólamálaráðið vinna úr skólastefnu KÍ og hvaða aðgerðir eru helst taldar vænlegar til árangurs til þess t.d. að auka og bæta framboð, ryðja úr vegi hindrunum fyrir aðgengi, ná meiri áhrifum um stefnumótun og afla meira fjár.
- 2) Að hitta formenn stjórna endurmenntunarsjóða, kynna þeim starf samstarfsnefndar og athuga hvort og þá hvernig þeir sjái möguleika á að haga reglum um starfsemi sína þannig að þær verði í senn hvati til símenntunar og starfsþróunar og um leið opni möguleika til símenntunar þvert á skólastig.

Forgangsmál í huga forystumanna voru að auðvelda kennurum og stjórnendum að komast frá til að sinna símenntun, að fólkið í skólunum geri sjálft meiri kröfur til þess að komast frá til þess að sinna símenntun, að tryggja þurfi fjármagn m.a. til þess að borga fyrir afleysingar og að skilgreina þurfi tíma hjá leikskólakennurum til símenntunar (líklega í kjarasamningum).

Rætt var um notkun og virkni símenntunaráætlana og tengingu við starfsmannasamtöl. Rætt um að gera átak, höfða til skólastjórnenda um að hafa skýra og virka símenntunar- og starfsþróunarstefnu sem hluta af starfsmannastefnu og tengja það við velferð og starfsánægju. Mikilvægt sé einnig að höfða til fagmennsku og ábyrgðar félagsmanna KÍ á eigin menntun og viðhaldi hennar.

Allir eru sammála um að halda áfram á þeirri braut sem Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara/SEF er á og útbreiða þá skipan mála sem þar er. Útvíkkun á hugtakinu símenntun er forgangsmál þannig að það nái yfir starfsþróun t.d. á vinnustað í gegnum þróunarverkefni en einnig yfir fræðastörf og rannsóknir og að orðfæri endurspegli minnkandi skil milli grunn-, framhalds- og símenntunar eins og þegar kemur að hluta fram í skólastefnu KÍ.

Atriði sem fundarmenn töldu að KÍ gæti gert sérstakt átak í:

- 1) Skilgreina og álykta um hvert væri eðlilegt lágmarksheildarfjármagn á ári hverju til símenntunar allra félagsmanna KÍ og halda þeim skilningi á lofti. Viðmið gæti t.d. verið jafnmikið pr. stöðugildi alls staðar eins og nú er í framhaldsskólahlutanum (yfirleitt kringum 40 milljónir á ári).

- 2) Krefjast þess að símenntun og starfsþróun fái skýra umfjöllun í starfsmannastefnu allra skóla og að allir félagsmenn geti á auðveldan hátt sett upplýsingar um menntun sína (stöðugt) inn í rafrænan gagnagrunn.

Hagfræðingur KÍ tók saman efni til þess að varpa ljósi á fyrrgreinda atriðið og var það lagt fram í stýrihóp. Efnið tók þó aðeins til fjárveitinga á fjárlögum ríkisins til símenntunar/starfsþróunar en ekki framlaga sveitarfélaga í landinu sem eru vinnuveitendur átta félagsmanna KÍ af hverjum tíu. Það hefur enda vafist fyrir öllum sem að þessum málum hafa unnið undanfarin ár að henda reiður á heildarfjármagni til málaflöksins vegna leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla.

Fundur formanna, skólamálafólks og sjóðsstjórna 16.11.2011

var síðan haldinn undir ofangreindum formerkjum og þar m.a. lögð áhersla á að auka sameiginlega þekkingu á málinu í heild innan KÍ og fá saman til funda og samræðna hóp sem ekki er venjulega að ræða þessi mál á stærra borði heldur einbeitir sér að sínum málum, sínu skólastigi o.s.frv. Talað var um að

- Ræða og kynna sér með samskiptum við rétta aðila hver væru efnisatriði kjarasamninga og samkomulaga þeim tengdum um endurmenntunarsjóðina, umræða á vettvangi félaganna og fyrirkomulag í hverjum sjóði fyrir sig, hvaða viðfangsefni eru styrkt í hverjum sjóði og hvernig. Ennfremur dregin fram sjónarmið um þróun sjóðanna bæði með því að líta til baka og fram á veg.
- Ræða, kynna og kynna sér helstu aðila sem félagsmenn eiga samskipti við um sína símenntun og skoða hvort og þá hvaða áhrif KÍ og félög hafa á stefnumótun um símenntun og framboð á henni. Þessi umræða þurfi að ná til málefna allra félaga innan KÍ og félagsmanna þeirra.
- Ræða um okkar sýn á „samhengi kennaramenntunar“ í þeim skilningi að taka niður vegg milli grunnmenntunar, framhaldsnáms og símenntunar og skoða starfsþróun kennara alla starfsævina sem samhangandi viðfangsefni.

Þetta var allt rætt út frá því sjónarmiði hvað KÍ og félög geti gert í málum sem talið er ábótavant sbr. t.d. skólastefnu KÍ og álit okkar á starfsskilyrðum félagsmanna í skólum. Einnig rætt hvað KÍ telur að „hinir“ eigi að gera eða geti gert svo sem háskólar, vinnuveitendur og fagráðuneyti.

Fundur skólamálaráðs KÍ um starfsþróun 13. janúar 2012 var haldinn undir yfirskriftinni *Símenntun/starfsþróun – framtíðarsýn?* og hélt Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra ávarp í upphafi hans. Á fundinum héldu Anna María Gunnarsdóttir, Edda Kjartansdóttir, Elna Katrín Jónsdóttir, Jón Torfi Jónasson, Svanhildur María Ólafsdóttir og Ragnar Þorsteinsson erindi um símenntun/starfsþróun um afmarkaða þætti og málið á breiðum grunni. Meðal þess sem fram kom á fundinum var þetta: Opinbera stefnu og framkvæmdaáætlun um símenntun/starfsþróun kennarastéttarinnar vantar á Íslandi – vekur athygli m.a. í ljósi allskýrrar stefnumótunar um kennaramenntun með lögum frá 2008. Höfðað til ábyrgðaraðila skólakerfisins – mennta- og menningarmálaráðuneytis, sveitarfélaganna og samtaka þeirra, kennarasamtakanna og háskólanna. Langt síðan síðustu tiltakanlegu landvinningar urðu í þessu efnum eða bráðum aldarfjórðungur – þarf að knýja á um slíka nú í ljósi mikillar grósku um mótun menntastefnu um annað efni á næstliðnum árum. Hvorki kennarasamtök né háskólar hafa náð vopnum sínum um langa hríð heldur ýst út á jaðarinn á tímabili stefnu um árangursstjórnun og vinda nýfrjálshyggju, umræðu um menntun sem verslunarvöru, tæki til persónulegrar velgengni eða efnahagslegs árangurs. Áhrif á

stefnumótun, framboð og framkvæmd símenntunar mikilvæg fyrir báða þessa aðila en ekki síður breið samstaða við fleiri sem málið varðar – og það varðar eiginlega allt samfélagið.

Ársfundur KÍ 18. apríl 2012

Tvö erindi voru haldin um símenntun/starfsþróun á ársfundi KÍ og voru fyrirlesarar Jón Torfi Jónasson og Elna Katrín Jónsdóttir. Eðlilega bar þar margt keim af málflutningi á fyrrgreindum janúarfundi skólamálaráðs KÍ enda höfðu engin stórtíðindi orðið önnur en þau að ötullega var í millitíðinni unnið að smíði stefnu um stofnun fagráðs til þess að leggja fyrir mennta- og menningarmálaráðherra. Vitnar sú vinna um sannfæringu aðila um nauðsyn þess að til verði vettvangur sem heldur utan um stefnu og framkvæmd símenntunar/starfsþróunar kennarastéttarinnar á hverjum tíma í samræmi við óskir og þarfir hagsmunaaðila og vel að merkja stefnu og áætlun mennta- og menningarmálaráðherra.

Háskólarnir

Innan háskólanna hefur farið fram umræða um hvernig þeir geta komið til móts við þá ósk að opna skólana betur fyrir starfandi kennurum. LHÍ hóf að bjóða upp á námskeið ætluð starfandi kennurum á haustönn 2011, Menntavísindasvið HÍ auglýsti stök einingarbær námskeið fyrir starfandi kennara vorið 2012 og HA býður upp á lotunám á meistarastigi sem m.a. er ætlað að koma til móts við starfandi kennara, auk þeirrar fræðslu til starfandi kennara sem fram fer á vegum miðstöðvar skólaþróunar.

Mikilvægt er að hafa í huga að fleira fellur undir starfsþróun en formleg einingarbær háskólanámskeið. Samstarf kennara í kennaramenntunarstofnunum og kennara á vettvangi er mikilvægt fyrir báða aðila. Rannsóknarteymi og þróunarhópar reynslumikilla kennara og skólastjórnenda af vettvangi og háskólakennara um ákveðin málefni geta skilað enn markvissari þróun á skólastarfi en það að einstaka kennarar eða stjórnendur sækja sér einingabært nám meðfram starfi.

Í háskólunum hefur verið rætt að það þurfi að finna leiðir til að gera háskólakennurum kleift að starfa með enn öflugri hætti en nú er með starfandi kennurum.

Í tillögum sínum skólaárið 2011-2012 hefur vettvangsráð Menntavísindasviðs HÍ lagt ríka áherslu á breytingar á skipulagi til þess að örva þátttöku sviðsins í símenntun og starfsþróun á þeim vettvangi sem sviðið sinnir og hafa ýmsar komist til framkvæmda. Þar á meðal eru reglur sem auðvelda starfandi kennurum skráningu í einstök námskeið, tillögur um að námskeið séu tímasett og skipulögð þannig að þau henti fólki í starfi, tillögur um að kennarar sviðsins geti sinnt símenntunar- og starfsþróunarverkefnum sem hluta af starfi sínu og tillögur um að starfsþróunarverkefni verði betur metin í stigamatskerfi HÍ, svo nokkur dæmi séu tekin.

Lokaorð

Mörg þeirra verkefna sem samstarfsnefndin vann að eru verkefni sem þarfnast lengri tíma til að þróast og þroskast.

Áherslur breytast og breytingar verða á viðhorfum til starfsþróunar, eðli hennar og mikilvægi. Orðanotkun tengd þessu víða verksviði breytist og nýjar hugmyndir um hvernig það skuli skipulagt koma fram. Hagsmunaaðilar koma sér saman um hvernig þeir geti best unnið saman og finna í

sameiningu út hvaða kerfis- eða viðhorfsbreytingar þurfa að eiga sér stað hjá hverjum og einum til að gera veg málaflokksins sem mestan. Það er ljóst að starfsþróun er frek á tíma og fé og það er brýnt að finna hvoru tveggja. Það gæti kostað talsverðar viðhorfs- og kerfisbreytingar, en einnig meira fé.

Samstarfsnefndin vann að því að koma málum í farveg og telur mikilvægt að tiltekinn aðili, þ.e. fyrirhugað fagráð, hafi það verkefni að tryggja framvindu þess sem hér var nefnt. Samhliða þessum breytingum þarf að ydda og slípa þá stefnu um símenntun/starfsþróun sem fram kemur í umfjöllun samstarfsnefndarinnar.

Þess er vænst að fagráðið verði vettvangur þar sem stefnumótunarvinna verður í sífelldri endurnýjun með virkri þátttöku allra hagsmunaaðila. Samstarfsnefndin telur mikilvægt að starfsþróun taki við strax að grunnnámi loknu og stendur sameiginlega að baki tillögu um að málaflokknum verði skapaður formlegur sameiginlegur vettvangur sem hún telur mikilvæga forsendu þess að starfsþróun í menntakerfinu geti þróast markvisst.

Samstarfsnefndin telur ekki að einföld eða endanleg skilgreining á starfsþróun eða símenntun liggi fyrir, né sé það höfuðatriði að setja hana fram. Þvert á móti telur hún mikilvægt að viðfangsefnið sé í þróun.

Háskólarnir vinna að því að auðvelda kennurum að sækja háskólanám samhliða vinnu og munu halda því áfram. Umræða um mikilvægi þess að vinna að því að koma tækifærum til starfsþróunar inn í kjarasamninga fór fram og henni þarf að halda áfram með enn markvissari hætti til að hægt sé að halda því fram að þar hafi þökast.

Heimildir

ESB.(2010). *Developing coherent and system-wide induction programmes for beginning teachers – a handbook for policymakers*. Brussel: European Commission, SEC 538.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2010). *Skýrsla nefndar um endurskipulagningu endurmenntunar kennara*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt af http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/3DE2F29436280F2A002578150059C51D/Attachment/lokaskýrsla_nefndar_endurmenntunar_kennara_2010.pdf

Fylgiskjöl

- 1) Viljayfirlýsing
- 2) Samningur um starfsmanns
- 3) Tillaga um stofnun fagráðs
- 4) Yfirlit yfir fundi

Viljayfirlýsing samstarfsnefndar um símenntun/starfsþróun kennara á leik-grunn og framhaldsskólastigi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (mmrn), Samband íslenskra sveitarfélaga (sambandið), Kennarasamband Íslands (KÍ), Menntavísindasvið Háskóla Íslands (mvs HÍ), Háskólinn á Akureyri (HA) og Listaháskóli Íslands (LHÍ) gera með sér samkomulag um samstarfsnefnd um símenntun/starfsþróun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara.¹

Hlutverk og markmið samstarfsnefndarinnar er að vinna að sameiginlegri stefnumótun um símenntun/starfsþróun kennara.²

Eftirfarandi verkefni falla þar undir:

1. Kortlagning á framboði símenntunar³ fyrir kennara á leik-grunn og framhaldsskólastigi.⁴
2. Að setja fram sameiginlegan skilningi aðlila á því hvað felst í símenntun/starfsþróun kennara.
3. Vinna við samræmingu og flokkun upplýsinga um símenntunartilboð fyrir kennara.
4. Að semja viðmið um aðgangsstýringar á efni sem fer inn í upplýsingaveitu
5. Vinna við að auðvelda kennurum á mismunandi skólastigum að sækja sömu símenntun/starfsþróun og auðvelda kennurum að sækja sameiginleg námskeið, ráðstefnur og þróunarverkefni
6. Vinna við að greiða leið kennara til að nýta sér námsframboð háskólanna samhliða vinnu.
7. Umræða og þróun samræmdra aðferða við skráningu starfsþróunar

Samstarfsnefndina skipa 2-3 fulltrúar frá mmrn, 2 fulltrúar frá sambandinu, 5 fulltrúar frá KÍ⁵ og einn fulltrúi frá hverjum háskóla mvs HÍ, LHÍ og HA.

Miðað er við að samstarfsnefndinni til fulltingis verði skipaður stýrihópur sem í sitja 4 fulltrúar úr hópi þeirra sem sitja í samstarfsnefndinni einn fulltrúi frá menntamálaráðuneyti, einn fulltrúi frá KÍ, einn fulltrúi frá sambandinu og einn fulltrúi sameiginlega fyrir mvs HÍ, HA og LHÍ.

Stýrihópur sér um að hrinda verkefnum í framkvæmd og fylgja vinnunni eftir.

Með þátttöku í samstarfsnefnd og stýrihópi skuldbinda aðilar sig til að leggja fram þá vinnu sem nauðsynleg er til að vinna ofangreindum málefnum brautargengi. Samstarfsnefndin skiptir á milli sín verkum og ákveður verklag. Samstarfsnefndin kemur sér einnig saman um hvernig sá kostnaður sem af starfi þessu hlýst skiptist á milli þeirra aðila sem eiga fulltrúa í samstarfsnefndinni. Samstarfsnefndin gerir áætlun um forgangsöröðun verkefna.

Í samstarfsnefndinni sitja ólíkir aðilar og framlag hvers aðila um sig tekur mið af þeirri sérfræðipækkingu sem þeir geta lagt fram til verkefnisins.

Allir fjórir aðilarnir leggja fram vinnu:

- inn í samstarfsnefnd og í stýrihóp

¹ Hér er átt við opinbera og einkarekna skóla sem bjóða nám samkvæmt aðalámskrá.

² Þegar hér er fjallað um kennara er átt við kennara, skólastjórnendur og eftir atvikum náms- og starfsráðgjafa.

³ Hér er átt við símenntunarnámskeið og nám sem kennarar geta sótt sér t.d. til háskóla.

⁴ Sjá tilvísun 1.

⁵ Fulltrúar KÍ eru frá leik-grunn- framhalds- og tónlistarskólum ásamt einum fulltrúa skólastjórnenda

- við kortlagningu á framboði símenntunar/starfsþróunar fyrir kennara á leik- grunn- og framhaldsskólastigi.
- við stefnumótun
- við að ná fram sameiginlegum skilningi á hugtakinu símenntun/starfsþróun
- við að leita leiða til að auka möguleika kennara á ólíkum skólastigum að sækja sömu símenntun/starfsþróun
- í ritstjórn upplýsingaveitu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur sérstaklega fram vinnu:

- við að koma á fót upplýsingaveitu á netinu sem auðveldar samræmingu og flokkun á símenntunartilboðum fyrir kennara

Allir aðilar samstarfsnefndarinnar munu skipa fulltrúa í ritstjórn upplýsingaveitunnar. Vinna ritstjórnar fælist í því að setja fram stefnu um aðgangsstýringu, framsetningu og efnistöð á vefsvæðinu.


Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband Íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands leggja fram vinnu:


- við að afla sem gleggstra upplýsinga um það fjármagn sem varið er til símenntunar/starfsþróunar kennara til að auka möguleika kennara á ólíkum skólastigum að sækja sömu símenntun/starfsþróun


Ofangreindir aðilar skuldbinda sig til þessarar vinnu frá 1. júlí 2011 til 30. júní 2012


Viljayfirlýsingin verður endurskoðuð þremur mánuðum áður en hún fellur úr gildi.


Reykjavík 30. júní 2011



f.h. Mennta- og
menningarmálaráðuneytisins


f.h. KÍ


f.h. Sambands Íslenskra
sveitarfélaga


f.h. mvs HÍ


HA


f.h. LHÍ

Bókun

Við gerð viljayfirlýsingar um samstarfsnefnd um símenntun/starfsþróun kennara á leik-grunn og framhaldsskólastigi er gert ráð fyrir að ráðinn verði starfsmaður til tiltekins tíma. Starfsmaðurinn vinnur með stýrihópi að þeim verkefnum sem talin eru upp í viljayfirlýsingu og heldur utan um vinnu samstarfsnefndarinnar. Fyrsta verk samstarfsnefndar verður að fjalla um ráðningu þessa starfsmanns.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið; KÍ; Samband íslenskra sveitarfélaga; mvs HÍ; HA; LHÍ

KU.
Hf
Hf
'an
SK
uzj

Háskóli Íslands - Menntavísindasvið	
Br. lykilt:	30.4.0
Málsnr.:	HI/HI/0006
Abm.:	JOB
Mótt.:	9/10

13.10. 2011

Menntavísindasvið Háskóla Íslands (kt. 600169-2039), Stakkahlið, 105 Reykjavík, annars vegar og Kennarasamband Íslands (kt. 501299-3329), Kennarahúsinu, Laufásvegi 81, 101 Reykjavík, mennta- og menningarmálaráðuneytið (kt. 460269-2969), Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík, Samband íslenskra sveitarfélaga (kt. 550269-4739), Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík, hins vegar gera með sér svofelldan.

samning um

fjármögnun hálftrar stöðu starfsmanns samstarfsnefndar um símenntun/starfsþróun leik- grunn- og framhaldskólakennara frá 1. október 2011 til 30. september 2012.

1. gr.

Markmið samningsins er að vinna samkvæmt viljayfirlýsingu samstarfsnefndar um símenntun/starfsþróun kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi, sem var gerð 30. júní 2011. Samningur þessi er gerður á grundvelli 3. mgr. 26. gr. laga nr. 85/2008, um opinbera háskóla. Þar er skólanum veitt heimild til að semja við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem tengjast starfi skólans um kennslu, rannsóknir og ráðningu kennara og annarra starfsmanna.

2. gr.

Kennarasamband Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytið greiða fyrir hluta stöðu verkefnisstjóra við Menntavísindasvið Háskóla Íslands vegna samkomulags um að hann sinni starfi starfsmanns samstarfsnefndar um símenntun/starfsþróun leik- grunn- og framhaldskólakennara. Framlag aðila vegna ofangreindrar stöðu, verður eftirfarandi samkvæmt reikningum.

Gjalt til Mvs (þús. kr.)	Alls		
	1. desember 2011	1. maí 2012	1. október 2012
Kennarasamband Íslands	99	198	198
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	132	264	264
Samband íslenskra sveitarfélaga	99	198	198
			495

Staðan er til 12 mánaða frá 1. október 2011 til 30. september 2012. Starfið felur í sér vinnu að símenntunarmálum kennara skv. meðfylgjandi starfslýsingu sem nemur hálfu starfi.

3. gr.

Um starf samkvæmt samningi þessum gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lög um opinbera háskóla nr. 85/2008 og reglur settar á grundvelli þeirra.

4. gr.

Menntavísindasvið HÍ mun nota greiðslur skv. 2. gr. til að greiða fjórðung launakostnaðar vegna stöðu verkefnastjórans við Menntavísindasvið HÍ og tryggir jafnframt að hann sé laus frá



öðrum starfsskyldum sínum sem nemur hálfu starfi meðan verkefnið varir. Annar kostnaður vegna stöðunnar verður á ábyrgð Menntavísindasviðs HÍ.

5. gr.


Um samning þennan gilda íslensk lög. Komi upp ágreiningur milli aðila um framkvæmd eða túlkun samnings þessa skal mál vegna slíks ágreinings rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 13. október 2011


F.h. Mennta- og menningarmálaráðuneytisins F.h. Sambands Íslenskra sveitarfélaga

F.h. Kennarasambands Íslands



F.h. Menntavísindasviðs Háskóla Íslands (MVS)



Tillaga um fagráð um símenntun/starfsþróun kennara⁹

Inngangur

Samstarfsnefnd um símenntun/starfsþróun kennara var skipuð í ágúst 2011. Eitt af verkefnum hennar er að vinna að sameiginlegri stefnumótun um símenntun/starfsþróun kennara. Sem þátt í þeirri vinnu leggur samstarfsnefnd fram eftirfarandi tillögu um stofnun fagráðs:

Menntamálaráðherra setji á stofn fagráð, setji því erindisbréf og skipi því formann til minnst þriggja ára til að stuðla að markvissri faglegri starfsþróun og starfstengdri símenntun fyrir kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.¹⁰

Fagráði er ætlað að stuðla að því að markviss fagleg starfsþróun og starfstengd símenntun fyrir kennara verði í boði. Markviss símenntun/starfsþróun kennara er nauðsynlegur þáttur í eflingu og viðhaldi á fagmennsku kennara. Í *Lokaskýrslu nefndar um mögulega endurskipulagningu endurmenntunar kennara* (2010), segir að „þótt öflug grunnmenntun kennara sé mikilvæg skiptir enn meira máli að stuðla að markvissri faglegri starfsþróun kennara og starfstengdri símenntun“ (bls. 7). Til að svo megi verða er nauðsynlegt að hagsmunaaðilar eigi formlegt og markvisst samráð um hvert eigi að stefna. Því samráði er fagráði ætlað að stýra.

Frumdrög tillögunnar voru lögð fram á fundi með mennta- og menningarmálaráðherra 20. febrúar 2012, ráðherra tók vel í hugmyndina og óskaði eftir nánari útfærslu.

Fagráð

Í fagráði eiga sæti fulltrúar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, skólastjórnendum, kennurum og háskólunum þremur sem standa að kennaramenntun. Fagráðið er vettvangur þar sem ólíkir hagsmunaaðilar koma saman, eiga samráð um áherslur í símenntun og starfsþróun kennara og vinna í kjölfar þess kerfisbundið að markvissum áhrifum á stefnumótun í símenntunar- og starfsþróunarmálum kennara. Vinnuaðferðir fagráðs einkennast af samræðu fjölbreytts hóps sem nær út fyrir þann hóp sem skipar fagráðið. Upplýsingaflæði milli baklands fulltrúa í fagráði og fagráðs er grundvöllur vinnu fagráðsins og þær fjölbreyttu upplýsingar sem til verða með því samráði verða sá grunnur sem hugmyndir fagráðs um nýjungar og þróun áherslna byggja á.

⁹ Með kennurum er hér átt við kennara, skólastjórnendur og náms- og starfsráðgjafa.

¹⁰ Á við um allt nám sem kennt er samkvæmt aðalnámskrá á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi þ.e. einnig nám í tónlistarskólum og annað listnám sem kennt er samkvæmt aðalnámskrá.

Hlutverk fagráðs

Fagráðið er sameiginlegur vettvangur hagsmunaaðila sem greinir þarfir skólasamfélagsins, miðlar upplýsingum og setur fram hugmyndir sínar um stefnu varðandi símenntun/starfsþróun kennara.

Fagráð tryggir að hagsmunaaðilar hafi samráð um áherslur í símenntun/starfsþróun

kennarastéttarinnar. Ráðið verður leiðandi í umræðu um þróun og stefnumótun um

símenntun/starfsþróun og setur fram stefnu sína og hugmyndir að nýjum áherslum og leiðum. Ráðið


leitar upplýsinga um helstu strauma og stefnur varðandi símenntun/starfsþróun sem víðast og miðlar upplýsingum um það til skólasamfélagsins til dæmis á ráðstefnum, fræðslufundum og málþingum.

Fagráð aflar upplýsinga um þörf fyrir símenntun til dæmis með samræðu hagsmunaaðila og miðlar framboði á símenntun/starfsþróun kennara á upplýsingaveitu¹¹.

Á vegum fagráðs geta vinnuhópar starfað að ákveðnum málefnum. Ráðið getur tengst sambærilegum aðilum erlendis sem vinna að svipuðum málefnum.

Skipan fagráðs

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar fagráð samkvæmt tilnefningum aðila og formann þess án tilnefningar. Ráðið þiggur umboð sitt frá ráðherra.



Mynd 1. Fulltrúar í fagráði

¹¹ Upplýsingaveita um símenntun/starfsþróun er vefur þar sem birtar verða upplýsingar um símenntunar- og fræðslutilboð, sem sérstaklega eru ætluð kennurum. Upplýsingaveitan verður undir stjórn fagráðs, en ritstjórn upplýsingaveitu mun sjá um framkvæmd verkefna sem henni tengjast.

Fagráðið er skipað til þriggja ára í senn og að þeim tíma liðnum er staðan metin og framhald ákveðið. Fagráðið skipa alls 20 fulltrúar, þrír fulltrúar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu auk formanns sem er skipaður án tilnefningar, fjórir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fimm frá skólastjórnendum, fjórir frá kennurum og þrír frá háskólunum þremur sem standa að kennaramenntun.

Fagráðið fundar nokkrum sinnum á ári og skilar ráðherra árlega skýrslu um starf sitt.

Á mynd 1 er sýnt hverjir eiga fulltrúa í fagráði. Að baki hverjum aðila stendur hópur sem hann hefur skilgreint sem sitt bakland og leitar álits og upplýsinga hjá og upplýsir um vinnu fagráðsins eftir ákveðnum, fyrirfram skilgreindum ferlum. Fimm manna stýrihópur verður fagráðinu til fulltingis.

Stýrihópur

Í stýrihópi sitja fimm fulltrúar, einn frá hverjum ofangreindra aðila. Stýrihópur heldur utan um vinnu fagráðs og fer með framkvæmd verkefna fagráðsins í samvinnu við starfsmann ráðsins og ritstjórn upplýsingaveitu. Nánari verkaskipting verður ákveðin af fagráði. Gert er ráð fyrir að stýrihópur fundi a.m.k. einu sinni í mánuði, en oftar ef þurfa þykir.

Starfsmaður

Nauðsynlegt er að hafa starfsmann sem heldur utan um vinnu fagráðs og stýrihóps í samræmi við erindisbréf og starfslýsingu sem samin verða. Lagt er til að mennta- og menningarmálaráðuneytið fjármagni það starf.

Fjármögnun verkefnisins

Áform um stofnun fagráðs miðar við að mennta- og menningarmálaráðherra tryggi fjárframlag til ráðsins sem standi straum af kostnaði við fundarsetu fulltrúa í fagráði og vegna starfsmanns. Þá er einnig gert ráð fyrir að mennta- og menningarmálaráðuneytið standi straum af kostnaði við rekstur upplýsingaveitu. Fastakostnaður á ári er áætlaður um 9 milljónir.

Fjármögnun fagráðs felst að öðru leyti í vinnuframlagi þeirra sem aðild eiga að ráðinu og vinnuframlagi fulltrúa í undirhópum þess (stýrihópi og ritstjórn upplýsingaveitu). Mikilvægt er að allir aðilar skuldbindi sig til að leggja fram vinnu vegna þessa og taki tillit til þess í vinnuskipulagi starfsmanna sinna.

Hverju mun starf fagráðs skila?

Starfsemi fagráðs miðar að því að efla með markvissum hætti símenntun/starfsþróun kennara.

Með því að setja málaflokkinn í formlegan farveg öðlast fagráð yfirsýn yfir:

- helstu nýjungar, stefnur og strauma varðandi símenntun/starfsþróun kennara
- tengslin milli grunnmenntunar og símenntunar/starfsþróunar kennara
- þörf á símenntun/starfsþróun kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi

- framboð á fræðslu fyrir kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.

Sú yfirsýn auðveldar fagraði að setja fram markvissar hugmyndir um hvert beri að stefna varðandi símenntun/starfsþróun kennara og á hverju sé þörf.

Þær áherslur sem fagrað setur varðandi áherslur í símenntun/starfsþróun kennara geta nýst bæði við stefnumótun og ráðstöfun fjármuna.

Í hnotskurn mun starf fagraðs skila heildstæðum og markvissum hugmyndum að stefnu í símenntunar- og starfsþróunarmálum kennara í samræmi við þarfir skólasamfélagsins og í samræmi við stefnu yfirvalda menntamála hverju sinni.

Reykjavík, 11. júní 2012,
samstarfsnefnd um símenntun kennara
sem kenna neðan háskólastigs.

Fylgiskjal 4

Yfirlit yfir fundi samstarfsnefndar, stýrihóps og ritstjórnar upplýsingaveitu

Samstarfsnefnd

Samstarfsnefndin hittist á fimm fundum sem haldnir voru í Reykjavík.

Samstarfsnefndin réði starfsmann í 50% starf, samþykkti starfslýsingu starfsmanns og kom sér saman um hvernig kostnaði vegna ráðningar hans væri skipt á milli aðila og komst að samkomulagi um umsýslu þess fjár. Samstarfsnefndin hefur einnig unnið að stefnumótun og fjallað um fjármagn sem ætlað er til símenntunar/starfsþróunar nú og skiptingu þess og velt fyrir sér hvernig verja ætti viðbótarfé sem þörf er á inn í kerfið. Tillaga um stofnun fagraðs var einnig tekin fyrir á fundi samstarfsnefndar og ákveðið að hún skildi afhent ráðherra.

Stýrihópur

Í stýrihópi eiga sæti, Sigurjón Mýrdal mmrn, Guðfinna Harðardóttir sambandinu, Elna Katrín Jónsdóttir KÍ og Jón Torfi Jónasson Menntavísindasviði HÍ sem fulltrúi háskólanna þriggja.

Stýrihópur fundaði tuttugu og þrisvar sinnum.

Helstu viðfangsefni funda stýrihóps hafa verið frágangur formsatriða, umfjöllun um stefnumótun og ólíka stöðu þeirra kennarahópa sem stýrihópurinn fjallar um. Umræða og greining á ástandi í símenntunarmálum hefur einnig farið fram og unnið var að tillögu á útfærslu hugmynda um það hvernig framhald markvissrar vinnu með símenntunar- starfsþróunarmál kennara verði best hagað til að tryggja yfirsýn og markvissa vinnu í málaflokknum til frambúðar. Tillaga um stofnun fagraðs var lögð fyrir á fundi með mennta- og menningarmálaráðherra þann 11. júní 2012.

Yfirlit yfir fundi stýrihóps og helstu umfjöllunarefni:

17.8.2011	Gengið var frá því hverjir taki sæti í stýrihópi og hverjir sitji í ritstjórn upplýsingaveitu. Einnig var rætt um ráðningu starfsmanns.
31.8.2011	Fjármögnun starfsmanns rædd og stjórnun funda skipulögð.
12.9.2011	Fjármagn til verkefnisins og starfslýsing starfsmanns rædd. Ákveðið að ráða Eddu Kjartansdóttur, starfsmann á Menntavísindasviði, til starfans.
7.10.2011	Farið var yfir samning vegna ráðningar starfsmanns. Starfsmanni var falið að gera drög að fréttatilkynningu og setja upp vefsíðu.
13.10.2011	Samningur um ráðningu starfsmanns undirritaður. Drög að fréttatilkynningu lögð fram.
19.10.2011	Unnin voru drög að bréfi til mennta- og menningarmálaráðherra um mikilvægi aukins fjár til símenntunar/starfsþróunar fyrir skólastjórnendur og kennara vegna breytinga á lögum, aðalnámskrám og kennaramenntun.
8.11.2011	Drög að bréfi til mennta- og menningarmálaráðherra um mikilvægi aukins fjármagns til símenntunar/starfsþróunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara voru fullkláruð. Unnið að starfsáætlun.
21.11.2011	Unnið í starfsáætlun. Fundur sem haldinn var í KÍ 16.11. var kynntur. Sá fundur var með formanni og varaformanni KÍ, formönnum félaga og formönnum sjóða, auk fulltrúa KÍ í samstarfsnefnd um símenntun/starfsþróun. Á fundinum voru ræddar aðgerðir KÍ og leiðir í baráttumálum varðandi símenntun/starfsþróun svo sem að tryggja og skýra rétt til starfsþróunar og efla möguleika til frekari menntunar starfandi kennara s.s. með framhaldsnámi og fleiri launuðum námsleyfum og einnig var m.a. gerður samanburður á endurmenntunarsjóðum skólastiganna þ.e. þeim sem samið er um í kjarasamningum aðildarfélaga KÍ. Á fundinum var bent á mikilvægi þess að fylgja eftir bréfinu sem ráðherra var sent þann 11.11.2011.
30.11.2011	Sagt frá fundi fulltrúa mmrn með ráðherra en þar kom fram að ráðherra vill hitta stýrihópinn á fundi. Fyrirhugaður fundur með samstarfsnefnd í desember undirbúinn.

11.12.2011	Fjallað var um upplýsingaveitu og stöðu mála í því starfi. Umræða um á hvern hátt hægt sé að tryggja að það efni sem þar fer inn yti undir fagmennsku kennara og þróun skólastarfs. Hugmynd um hæfniviðmið fyrir kennara var kynnt. Ákveðið var að halda áfram umræðunni um hæfniviðmið og halda henni vakandi inni í ritstjórn upplýsingveitunnar.
7.2.2012	Kynning á SEF (samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara), formaður nefndarinnar mætti. Kynnt var vinna ritstjórnar upplýsingaveitu um hæfniviðmið. Lögð áhersla á að fagaðila þurfi til að semja þau.
13.2.2012	Undirbúningsfundur fyrir fund með mennta- og menningarmálaráðherra. Hugmyndir um framtíðarskipan símenntunarmála ræddar.
20.2.2012	Fundur með mennta- og menningarmálaráðherra til að fylgja eftir bréfi sem sent var til ráðherra 11.11.2011. Á fundinum var m.a. kynnt hugmynd að útfærslu á því hvernig framhald markvissrar vinnu með símenntunar- starfsþróunarmál kennara verði best hagað.
5.3.2012	Rætt var um eftirfylgni vegna fundar með ráðherra og vinnuna framundan auk umræðu um hvernig tryggja má að þeirri vinnu sem unnin hefur verið verði komið í ferli til frambúðar.
7.3.2012	Framhald vinnu um eftirfylgni vegna fundar með ráðherra og ferli til að tryggja til frambúðar markvissa vinnu með símenntunarmál. Stýrihópur lýsir yfir áhyggjum sínum vegna hægagangs í upplýsingaveitumálum.
22.3.2012	Umræða um tillögu um stofnun fagráðs einkenndi fundinn. Aðeins tæpt á stöðu mála varðandi upplýsingaveitu.
30.3.2012	Umræða um stofnun fagráðs einkenndi fundinn og m.a. talið að helstu hlutverk fagráðsins ættu að vera; skipulagt samstarf um að safna upplýsingum; að vinna úr upplýsingum; og að koma upplýsingum á framfæri.
17.4.2012	Fundur í samstarfsnefnd sem haldinn var þennan sama dag undirbúinn. Fagráðstillagan var kynnt á samstarfsnefndarfundinum. Samþykkt að vinna með hana áfram en bent á nokkur atriði sem þörfuðust lagfæringar. Bæði varðandi orðalag og uppsetningu á fagráðinu.
2.5.2012	Rætt um breytingar á uppsetningu fagráðs í kjölfar fundar samstarfsnefndar þann 17.4. og ný uppröðun á fulltrúum skv. tillögu frá KÍ staðfest. Ákveðið að bæta þurfi tölum inn í fagráðstillöguna til að auðvelda mennta- og menningarmálaráðuneytinu að átta sig á kostnaði við fagráðið.

8.5.2012	Gengið frá fagráðstillögu áður en hún var send til samstarfsnefndar til athugasemda.
31.5.2012	Framhald umræðu um fagráðstillögu. Ákveðið að ekki væri þörf á að boða til fundar í samstarfsnefnd áður en ráðherra fengi tillöguna. Ýtt var eftir að fá fund með ráðherra. Rætt um svipuð módel og fagráð sem til eru í öðrum löndum. Rætt um fjármál til símenntunar, þá sjóði sem eru í kerfinu og hvernig fé er varið annarsvegar til grunnmenntunar og hins vegar til símenntunar.
11.6.2012	Mennta - og menningarmálaráðherra afhent tillaga að stofnun fagráðs á fundi.
28.6.2012	Grind að lokaskýrslu rædd, verkefnum skipt á stýrihópsmeðlimi vegna samningu hennar. Ákveðið að mikilvægt sé að semja bréf til að árétta mikilvægi þess að fagráð verði skipað í haust áður en vinnu samstarfsnefndar lýkur þann 30. september.
20.8.2012	Umræða um lokaskýrslu, skipulag á fundi með samstarfsnefnd og stöðuna á stofnun fagráðs.
11.10.2012	Lokafundur. Farið yfir lokaskýrslu og málþing 18. október skipulagt.

Upplýsingaveita

Í ritstjórn upplýsingaveitu sitja, Björg Pétursdóttir mmrn, Guðfinna Harðadóttir sambandinu, Guðbjörg Ragnarsdóttir KÍ og Edda Kjartansdóttir sem fulltrúi háskólanna.

Unnið er með það í huga að upplýsingaveitan verði huti af stærri vef, Menntagátt og er forritunarvinna og hönnun og uppsetning á hendi mmrn.

Tvenns konar sjónarmið hafa verið í gangi um það hversu opið vefsvæðið á að vera og hvaða reglur þarf að setja um það hvaða efni á að fara inn í upplýsingaveituna.

Önnur hugmyndin gengur út á að inn í upplýsingaveituna fari aðeins efni sem eingöngu er ætlað kennurum. Í hinni hugmyndinni er áhersla á að inn í upplýsingaveituna geti farið allt efni sem fræðsluaðilar telja að geti höfðað til kennara, þó markhópur þess efnis sé breiðari.

Niðurstaða ritstjórnar er sú að hafa vefinn opinn fyrir fræðsluaðila sem uppfylla ákveðin formsatriði og setja það í hendur þeirra hvaða efni þeir telja að sé fyrir kennara.

Ákveðið var að setja til hliðar hugmyndir um skráningarkerfi og einbeita sér að því að koma upp sjálfri upplýsingarveitunni með tilboðum um símenntun.

Ritstjórn hefur hist reglulega. Á haustönn var unnin undirbúningsvinna, veftré komst nokkuð áleiðis, einnig flokkun efnis og vinna við þarfgreiningu. Þessa undirbúningsvinnu þarf að vinna mjög nákvæmlega áður en forritun getur hafist.

Vinna við umsóknareyðublað, skilmála fræðsluaðila og samning við fræðsluaðila var unnin á haustönn 2011.

Í desember fór af stað vinna við að skoða hæfniviðmið sem mögulega leið til að tryggja gæði þess sem fer inn í upplýsingaveitu og sú vinna hélt áfram í janúar og febrúar. Hún var síðan sett til hliðar aftur vegna óska frá stýrihópi um að vinnu við að koma efni inn í upplýsingaveituna verði flýtt til að tryggja að hún verði tilbúin innan þess tímaramma sem verkefninu er ætlaður.

Forritunarvinna og hönnun útlits hófst í maí.